

Nd.

207. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Á eftir orðunum „og upp í Hreppa“ í 4. gr. laganna komi: og nái Gnúpverjahreppslínan að Ásólfstöðum.

Í stað orðanna „lína frá Akureyri inn Eyjafjörð með stöð í Öngulsstaðahreppi“ í sömu gr. komi: Lína frá Akureyri inn Eyjafjörð með tveimur stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

Á eftir orðunum í sömu gr. „Lína frá Efra-Hvoli um Hof, Kirkjubæ og Geldingalæk að Holtsmúla“ komi: Lína frá Efra-Hvoli um Strönd, Odda, Fróðholtshjáleigu og Hólabæi í Pykkvabæ.

Á eftir orðunum „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal“ í sömu gr. komi: með hliðarálmum að Rangá.

Í stað orðanna „Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga“ í sömu gr. komi: Lína frá Bæjarstæði við Seyðisfjörð eða Brekku í Mjóafirði að Dalatanga.

Aftan við sömu grein bætist: Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Skinnastað að Austaralandi. Lína frá Skinnastað að Garði í Kelduhverfi.